

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um sjöundu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 18. júlí 2009 var tilgreint að fjármálagemingur um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf. skyldi gefinn út af hálfu aðila eigi síðar en þann 14. ágúst 2009.

Í bréfi til Fjármálaeftirlitsins frá fjármálaráðuneytinu, dags. 14. ágúst 2009, kemur fram að frekari tímafrestur sé nauðsynlegur til lokafrágangs á fjármögnun Nýja Kaupþings banka hf. og skjalagerðar vegna útgáfu fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf.

Í ljósi framangreinds ákveður Fjármálaeftirlitið að breyta 2. ml. 12. tl. fyrri ákvörðunar eftirlitsins þann 21. október 2008, sbr. ákvarðanir eftirlitsins í þessu máli, dags. 15. júní 2009 og 18. júlí 2009.


ÁKVÖRÐUN:


Fjármögnun Nýja Kaupþings banka hf. og útgáfa fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf. skal lokið eigi síðar en þann 28. ágúst 2009.

Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

14. ágúst 2009.


Kristín Haraldsdóttir
Varaformaður stjórnar


Gunnar P. Andersen
Forstjóri